

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/36/EB

2002/EES/23/07

frá 30. júní 1994

um litarefni til notkunar í matvælum(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmála-nefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189 gr. b í sáttmálanum ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ósamræmi í landslögum milli aðildarríkjanna varðandi litarefni í matvælum og notkunarskilyrði þeirra hindrar frjálsa flutninga matvæla. Þetta gæti leitt til ójafna samkeppnisskilyrða.

Við setningu reglna um þessi aukefni í matvælum og notkunarskilyrði þeirra skal fyrst og fremst taka tillit til neytendaverndar.

Eingöngu er heimilt að nota aukefni í matvælum ef rökstudd ástæða er til að ætla að þess sé þörf af tæknilegum ástæðum og að notkun þess hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu manna.

Litarefni eru notuð til að koma útliti matvæla í upprunalegt horf, þegar litur þeirra hefur orðið fyrir áhrifum sem kunna að vera til lýta, við vinnslu, geymslu, þökkun og dreifingu.

Litarefni eru notuð til að bæta útlit matvæla og gefa til kynna bragðtegundir sem jafnan eru taldar tengjast vissum matvælum og til að gefa matvælum lit sem annars eru litlaus.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2001 frá 26. október 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/34/EB (Stjtið. EB nr. L 237, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 12, 8. 1. 1992, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 313, 30. 11. 1992, bls. 1.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 10. mars 1993 (Stjtið. EB nr. C 115, 26. 4. 1993, bls. 105), staðfest 2. desember 1993 (Stjtið. EB nr. C 342, 20. 12. 1993) sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. mars 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (Stjtið. EB nr. C 91, 28. 3. 1994, bls. 79).

Nauðsynlegt er að telja með tiltekin litarefni sem ætlunin er að nota við merkingu kjöts með stimpli heilbrigðiseftirlits en merkingin er á ábyrgð opinbers dýralæknis í samræmi við kröfur tilskipunar 91/497/EBE ⁽⁵⁾, einkum XI. kafla í I. viðauka hennar.

Við skreytingu eða stimplun eggja má eingöngu nota þau litarefni sem leyfð eru samkvæmt þessari tilskipun eins og kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 1274/91 ⁽⁶⁾.

Litarefni eru notuð til að glæða liti sem þegar eru fyrir hendi í matvælum.

Það er almennt viðurkennt að óunnin matvæli og tiltekin önnur undirstöðumatvæli skuli vera laus við aukefni.

Með hliðsjón af nýjustu vísindalegu og eiturefnafræðilegu upplýsingum um aukefni skal einungis heimila sum þeirra í tilteknum matvælum og að gefnum tilteknum notkunarskilyrðum.

Nauðsynlegt er að setja strangar reglur um notkun aukefna í matvælum fyrir ungbörn og smábörn.

Samráð hefur verið haft við vísindanefnd um matvæli vegna þeirra efna sem bandalagsákvæðið tekur ekki enn þá til.

Æskilegt er að farið sé eftir umsögn fastanefndarinnar um matvæli þegar ákvörðun er tekin um hvort tiltekin matvæli tilheyri ákveðnum flokki matvæla.

Þessi tilskipun kemur að hluta til í stað tilskipunar ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli ⁽⁷⁾.

Tillaga verður lögð fram um breytingar á gildandi hreinleikaskilyrðum vegna litunarefna í matvælum, og nýjar forskriftir þar sem hreinleikaskilyrði eru ekki fyrir hendi, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr. tilskipunar 89/107/EBE.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. 268, 24. 9. 1991, bls. 69. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 92/5/EBE (Stjtið. EB nr. L 57, 2. 3. 1992, bls. 1).

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1274/91 frá 15. maí 1991 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1907/90 um ákveðna markaðsstaðla fyrir egg (Stjtið. EB nr. L 121, 16. 5. 1991, bls. 11). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1259/94 (Stjtið. EB nr. L 137, 1. 6. 1994, bls. 54).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 85/7/EBE (Stjtið. EB nr. L 2, 3. 1. 1985, bls. 22).

Í því skyni að vernda neytendur ber bandalaginu að stuðla að rannsóknum á hugsanlegum áhrifum litarefna í matvælum (einkum efna sem hafa uppsöfnuð og samverkandi áhrif) á heilbrigði manna, sérstaklega með tilliti til efna sem vafi leikur á að séu skaðlaus.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Tilskipun þessi er sértilskipun sem er hluti af heildartilskipun í skilningi 3. gr. tilskipunar 89/107/EBE.

2. Í þessari tilskipun er merking hugtaksins „litarefni“ sem hér segir: litarefni eru efni sem bæta lit í matvæli eða færa litinn í upprunalegt horf, þar eru meðtaldir náttúrlegir efnisþættir matvæla og náttúrleg grunnefni sem venjulega er ekki neytt sem matvæla og eru yfirleitt ekki notuð sem einkennandi innihaldsefni í mat.

Blöndur, fengnar úr matvælum, og önnur náttúrleg grunnefni, fengin með eðlisfræðilegum og/eða efnafræðilegum útdrætti, þar sem lífræn litarefni eru dregin út á sértækan hátt með tilliti til næringar- eða bragðefnaþátta, eru litarefni í skilningi þessarar tilskipunar.

3. Hins vegar skulu eftirtalin efni ekki talin litarefni í skilningi þessarar tilskipunar:

— matvæli, hvort heldur þurrkuð eða þykkt, og bragðefni sem bætt er út í við framleiðslu samsettra matvæla vegna ilmáhrifa, bragðáhrifa eða næringargildis og gefa matvælum þar að auki lit, t.d. paprika, túrmerik og saffran.

— litarefni, sem notuð eru til að lita óæta, ytri húð á matvælum t.d. ostskorpu og pylsuskæni.

2. gr.

1. Einungis er heimilt að nota efnin, sem eru skráð í I. viðauka, sem litarefni í matvælum.

2. Einungis er heimilt að nota í matvæli litarefni, sem skráð eru í III., IV. og V. viðauka, og með þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind. Heimilt er að nota litarefni í slík

matvæli, þegar þau eru ætluð sem sérfaði, í samræmi við tilskipun 89/398/EBE⁽¹⁾.

3. Óheimilt er að nota litarefni í þau matvæli sem um getur í II. viðauka, nema sérstaklega sé kveðið á um það í III., IV. eða V. viðauka.

4. Litarefni, sem eingöngu eru heimiluð til tiltekinna nota, eru skráð í IV. viðauka.

5. Litarefni, sem leyfð eru til almennra nota og notkunarskilyrði þeirra, eru skráð í V. viðauka.

6. Hámarksviðmiðunargildin, sem tilgreind eru í viðaukunum:

— vísa til tilbúinna matvæla sem tilreidd eru samkvæmt notkunarleiðbeiningum

— vísa til þess magns litarefnis sem er í litunarblöndunni.

7. Í viðaukunum við þessa tilskipun merkir „*quantum satis*“ að ekkert hámarks magn sé tilgreint. Litunarefni skal þó nota í samræmi við góða framleiðsluhætti og skammtar ekki vera stærri en nauðsynlegt er til að ná því marki sem stefnt er að og tilskilið er að ekki sé villt um fyrir neytendum.

8. Að því er varðar heilbrigðisstimplun, sem kveðið er á um í tilskipun 91/497/EBE, og aðra merkingu, sem krafist er á kjötafurðir, er einungis heimilt að nota E 155 brúnt HT, E 133 skærblátt FCF, E 129 allúra rautt AC, eða viðeigandi blöndu E 133 skærblás FCF og E 129 allúra rauðs AC.

9. Við skreytingu eða stimplun eggjaskurna má eingöngu nota þau litarefni sem um getur í I. viðauka eins og kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 1274/91.

10. Eingöngu er heimilt að selja beint til neytenda þau litarefni sem skráð eru í I. viðauka, að frátöldum E 123, E 127, E 128, E 154, E 160b, E 161g, E 173 og E 180.

11. Í skilningi þessarar tilskipunar merkir orðið „óunninn“ að viðkomandi matvæli hafi ekki verið meðhöndluð þannig að verulegar breytingar hafi orðið á upprunalegu ástandi þeirra. Hins vegar er hugsanlegt að þau hafi til dæmis verið stykkjuð, hlutuð í sundur, klofin, úrbeinuð, hökkuð, hamflett, skræld, flysjuð, mulin, skorin, hreinsuð, snyrt, djúpfryst, fryst, kæld, möluð eða afhýdd, sett í umbúðir eða tekin úr umbúðum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 186, 30. 6. 1989, bls. 27.

3. gr.

Með fyrirvara um önnur bandalagsákvæði er heimilt að setja litarefni í matvæli sem hér segir:

- í samsett matvæli önnur en þau sem nefnd eru í II. viðauka, að því tilskildu að litarefnið sé heimilað í einhverju innihaldsefna samsettu matvælna,

eða

- ef nota á matvælategundina eingöngu við framleiðslu samsettra matvæla sem samræmast þessari tilskipun og að því gefnu að samsettu matvælin séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

4. gr.

Heimilt er að beita málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í 5. gr., til að skera úr um hvort tiltekin matvæli tilheyri ákveðnum flokki matvæla sem um getur í viðaukunum og hvort tiltekin efni séu litarefni í skilningi 1. gr.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvæli, sem komið var á fót með ákvörðun 69/414/EBE ⁽¹⁾, hér á eftir kölluð „nefndin“, þegar fylgja á þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Formanni nefndarinnar ber að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148 gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Vægi atkvæða fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni skal vera með þeim hætti sem mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

4. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitinu ber fram

kvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

6. gr.

Aðildarríkin skulu koma á fót kerfi, til að fylgjast með neyslu og notkun litarefna í matvælum, innan þriggja ára frá samþykkt þessarar tilskipunar og tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður sínar.

Innan fimm ára frá samþykkt tilskipunarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu um breytingar sem hafa orðið á markaðinum fyrir litarefni, um notkunarstig þeirra og neyslu.

Í samræmi við almenn skilyrði í 4. lið II. viðauka tilskipunar 89/107/EBE skal framkvæmdastjórnin, innan fimm ára frá samþykkt tilskipunar þessarar, endurskoða notkunarskilyrðin sem getið er um í tilskipun þessari og leggja til breytingar þar sem þörf er á.

7. gr.

Hér með falla úr gildi 1. til 7. gr., annar undirliður 1. mgr. 8. gr., 2. mgr. 8. gr. og 9. til 15. gr. tilskipunarinnar frá 23. október 1962 um litarefni í matvælum.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvæðin sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði þessarar tilskipunar.

8. gr.

Þann dag, sem tilskipun þessi öðlast gildi, skal framkvæmdastjórnin, í samvinnu við Evrópuþingið, innlend ráðuneyti, aðila í matvælaíðnaði og smásöluverslun og neytendasamtök, hrinda af stað átaki sem miðar að því að upplýsa neytendur um þá málsmeðferð sem er viðhöfð þegar litarefni eru metin og notkun þeirra heimilud og um merkingu svokallaðra E-númera.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1995 til þess að unnt sé að:

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 291, 19.11.1969, bls. 9.

— heimila, eigi síðar en 31. desember 1995, viðskipti með og notkun vara sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar,

10. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

— banna, eigi síðar en 30. júní 1996, viðskipti með vörur og notkun vara sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar. Þó er heimilt að versla með vörur sem settar eru á markað eða merktar fyrir þann tíma, þótt þær séu ekki í samræmi við tilskipun þessa, þar til birgðir eru uppnar.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Gjört í Brussel 30. júní 1994.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

E. KLEPSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. BALTAS

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LEYFILEG LITAREFNI Í MATVÆLUM

Ath: Állökk, sem eru framleidd úr litarefnum sem um getur í þessum viðauka, eru leyfð.

EB nr.	Almennt heiti	Litaskránumer (¹) eða lýsing
E 100	Kúrkúmín	75300
E 101	i) Ríboflavín ii) Ríboflavín-5'-fosfat	
E 102	Tartrasín	19140
E 104	Kínólíngult	47005
E 110	Sólsetursgult FCF Appelsínugult S	15985
E 120	Kókíníl, karmínsýra, karmín	75470
E 122	Asórúbín, karmóísín	14720
E 123	Amarant	16185
E 124	Ponseá 4R, kókínílrautt A	16255
E 127	Erýtrósín	45430
E 128	Rautt 2G	18050
E 129	Allúrarautt AC	16035
E 131	Patentblátt V	42051
E 132	Indígótín, indígókarmín	73015
E 133	Skærblátt FCF	42090
E 140	Klórófyll og klórófyllín:	75810
	i) Klórófyll	75815
	ii) Klórófyllín	
E 141	Klórófyll-og klórófyllín-koparflókar i) Klórófyll-koparflókar ii) Klórófyllín-koparflókar	75815
E 142	Grænt S	44090
E 150a	Karamellubránt (²)	
E 150b	Basískt, súlfítað karamellubránt	
E 150c	Ammóníað karamellubránt	
E 150d	Ammóníað, súlfítað karamellubránt	
E 151	Gljásvart BN, svart PN	28440
E 153	Viðarkolsvart	
E 154	Brúnt FK	
E 155	Brúnt HT	20285

EB nr.	Almennt heiti	Litaskrárnúmer ⁽¹⁾ eða lýsing
E 160a	Karótín: i) Blönduð karótín ii) Beta-karótín	75130 40800
E 160b	Annattólausnir, bixín, norbixín	75120
E 160c	Paprikukjarni, kapsantín, kapsórúbín	
E 160d	Lýkópen	
E 160e	Beta-apó-8'-karótenal (C 30)	40820
E 160f	Beta-apó-8'-karótensýruetýlester (C 30)	40825
E 161b	Lútín	
E 161g	Kantaxantín	
E 162	Rauðrófulitur, betanín	
E 163	Antósýanlausnir	Framleitt úr aldinum og grænmeti með eðlisfræðilegum aðferðum
E 170	Kalsíumkarbónat	77220
E 171	Títandíoxíð	77891
E 172	Járnoxíð og járnhýdroxíð	77491 77492 77499
E 173	Ál	
E 174	Silfur	
E 175	Gull	
E 180	Lítólrúbín BK	

⁽¹⁾ Litaskrárnúmer eru úr þriðja hefti litaskrárinnar frá 1982, 1. til 7. bindi, 1315. Einnig breytingar 37 til 40 (125), 41 til 44 (127-50), 45 til 48 (130), 49 til 52 (132-50), 53 til 56 (135).

⁽²⁾ Orðið karamella vísar hér til afurða sem eru að meira eða minna leyti í sterkum brúnum litum og ætlaðar til litunar. Það vísar ekki til sykurenndrar, bragðbætandi afurðar sem fengin er með hitun sykurs og notuð er sem bragðefni í mat (t.d. sælgæti, sætabrauð og áfenga drykki).

II. VIÐAUKI

MATVÆLI SEM EKKI MEGA INNIHALDA LITAREFNI, NEMA SÉRSTAKLEGA SÉ KVEÐIÐ Á UM ÞAÐ Í III., IV. EÐA V. VIÐAUKA

(*Heitin, sem notuð eru í II. viðauka, gilda með fyrirvara um meginregluna um „afgangsmagn“ efna þegar afurðirnar innihalda efni sem sjálf innihalda leyfileg litarefni.*)

1. Óunnin matvæli
2. Allt vatn sem er tappað á flöskur eða sett í umbúðir
3. Mjólk, léttmjólk og undanrenna, gerilsneydd eða dauðhreinsuð (þar með talin leifturhituð (UHT)) (óbragðsett)
4. Súkkulaðimjólk
5. Gerjuð mjólk (óbragðsett)
6. Niðurseydd mjólk sem um getur í tilskipun 76/118/EBE
7. Áfir (óbragðsettar)
8. Rjómi og rjómaduft (óbragðsett)
9. Olíur og feiti úr dýra- eða jurtaríkinu
10. Egg og eggjaafurðir eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/437/EBE
11. Mjöl og aðrar malaðar afurðir og sterkja
12. Brauð og svipaðar afurðir
13. Pasta og *gnocchi*
14. Sykur, þar með taldar allar ein- og tvísykrur
15. Tómatamauk og tómatar, niðursoðnir í dósir og flöskur
16. Sósar, að stofni til úr tómtum
17. Aldinsafi og aldinnektar, sem um getur í tilskipun 75/726/EBE, svo og grænmetissafi
18. Aldin, matjurtir (þ.m.t. kartöflur) og sveppir – niðursoðnir í dósir eða flöskur eða þurrkaðir; unnar aldin og unnar matjurtir (þ.m.t. kartöflur) og sveppir
19. Sulta í sérflokki, hlaup í sérflokki og kastaníuhnetumauk sem um getur í tilskipun 79/693/EBE; „crème de pruneaux“
20. Fiskur, lindýr og krabbadýr, kjöt, alifuglar og villibrað og matvæli framreidd úr slíku, þó ekki tilbúnir réttir sem hafa að geyma þessi innihaldsefni
21. Kakó- og súkkulaðipættir í súkkulaðiafurðum sem um getur í tilskipun 73/241/EBE
22. Brennt kaffi, te, kaffifífill, te- og kaffifíflskjarnar; unnar vörur úr tei, plöntum, aldinum og korni, sem notaðar eru í seyði, ásamt blöndum og skyndiblöndum úr þessum vörum
23. Salt, saltlíki, krydd og kryddblöndur
24. Vín og aðrar afurðir sem skilgreindar eru í reglugerð (EBE) nr. 822/87
25. *Korn, Kornbrand*, brenndir drykkir úr ávöxtum, ávaxtabrennivín, *Ouzo Grappa, Tsikoudia* frá Krít, *Tsipouro* frá Makedóníu, *Tsipouro* frá Þessalíu, *Tsipouro* frá Tyrnavos, *Eau de vie de marc Marque nationale luxembourgeoise*, *Eau de vie de seigle Marque nationale luxembourgeoise*, og *London gin* – samkvæmt skilgreiningu í reglugerð (EBE) nr. 1576/89
26. *Sambuca, Maraschino* og *Mistra* samkvæmt skilgreiningu í reglugerð (EBE) nr. 1180/91

-
27. *Sangria, Clarea* og *Zurra* sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1601/91
 28. Vínedik
 29. Matur fyrir ungbörn og smábörn, eins og um getur í tilskipun 89/398/EBE, þ.m.t. matur fyrir ungbörn og smábörn sem eru ekki við góða heilsu
 30. Hunang
 31. Malt og maltafurðir
 32. Þroskaður og óþroskaður ostur (óbragðsettur)
 33. Smjör, unnið úr sauða- og geitamjólk
-

III. VIÐAUKI

MATVÆLI SEM EINGÖNGU ER LEYFT AÐ BÆTA VISSUM LITAREFNUM Í

Matvæli	Leyfileg litarefni	Hámarks magn
Maltbrauð	E 150a Karamellubrúnt	<i>quantum satis</i>
	E 150b Basískt, súlfítað karamellubrúnt	
	E 150c Ammóníað karamellubrúnt	
	E 150d Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt	
Bjór <i>Cidre bouché</i>	E 150a Karamellubrúnt	<i>quantum satis</i>
	E 150b Basískt, súlfítað karamellubrúnt	
	E 150c Ammóníað karamellubrúnt	
	E 150d Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt	
Smjör (þ.m.t. léttsmjör og smjörþykkni)	E 160a Karótín	<i>quantum satis</i>
Smjörlíki, mínarín (fituskert viðbit), aðrar ýrðar fitulausnir og fita að mestu laus við vatn	E 160a Karótín	<i>quantum satis</i>
	E 100 Kúrkúmín	<i>quantum satis</i>
	E 160b Annattólausnir, bixín, norbixín	10 mg/kg
<i>Sage Derby</i> -ostur	E 140 Klórófyll Klórófyllín	<i>quantum satis</i>
	E 141 Klórófyll og klórófyllín-koparflókar	
Þroskaður, appelsínugulur, gulur og hvítur (broken-white) ostur; óbragðsettur, bræddur ostur	E 160a Karótín	<i>quantum satis</i>
	E 160c Paprikukjarni	
	E 160b Annattólausnir, bixín, norbixín	
Rauður <i>Leicester</i> -ostur	E 160b Annattólausnir, bixín, norbixín	50 mg/kg
<i>Mimolette</i> -ostur	E 160b Annattólausnir, bixín, norbixín	35 mg/kg
<i>Morbier</i> -ostur	E 153 Viðarkolsvart	<i>quantum satis</i>
Ostur með rauðri skorpu	E 120 Kókiníl, karmínsýra, karmín	125 mg/kg
	E 163 Antósýanlausnir	<i>quantum satis</i>
Edik	E 150a Karamellubrúnt	<i>quantum satis</i>
	E 150b Basískt, súlfítað karamellubrúnt	
	E 150c Ammóníað karamellubrúnt	
	E 150d Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt	

Matvæli	Leyfileg litarefni	Hámarks magn	
<i>Whisky, Whiskey, kornbrennivín (að frátöldu Korn eða Kornbrand eða Eau de vie de seigle Marque nationale luxembourgeoise), brennd vín, romm, Brandy, Weinbrand, þrúguhrat, þrúguhratsbrennivín (að frátöldu Tsikoudia og Tsipouro og Eau de vie de marc Marque nationale luxembourgeoise), Grappa invecchiata, Bagaceira velha, sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1576/89</i>	E 150a	Karamellubrúnt	<i>quantum satis</i>
	E 150b	Basískt, súlfítað karamellubrúnt	
	E 150c	Ammóníað karamellubrúnt	
	E 150d	Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt	
Drykkir blandaðir með kryddvínnum (að frátöldu <i>bitter soda</i>) og kryddvín, sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1601/91	E 150a	Karamellubrúnt	<i>quantum satis</i>
	E 150b	Basískt, súlfítað karamellubrúnt	
	E 150c	Ammóníað, karamellubrúnt	
	E 150d	Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt	
<i>Americano</i>	E 150a	Karamellubrúnt	<i>quantum satis</i>
	E 150b	Basískt, súlfítað karamellubrúnt	
	E 150c	Ammóníað karamellubrúnt	
	E 150d	Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt	
	E 163	Antósýanlausnir	
	E 100	Kúrkúmín	100 mg/l (af hverju efni fyrir sig eða í samsetningum)
	E 101	(i) Ríboflavín (ii) Ríboflavín-5'-fosfat	
	E 102	Tartrasín	
	E 104	Kínólíngult	
	E 120	Kókíníl, karmínsýra, karmín	
	E 122	Asorúbín, karmóísín	
	E 123	Amarant	
	E 124	Ponseá 4R	
	<i>Bitter soda, bitter vino</i> sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1601/91	E 150a	
E 150b		Basískt, súlfítað karamellubrúnt	
E 150c		Ammóníað karamellubrúnt	
E 150d		Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt	
E 100		Kúrkúmín	100 mg/l (af hverju efni fyrir sig eða í samsetningum)
E 101		(i) Ríboflavín (ii) Ríboflavín-5'-fosfat	
E 102		Tartrasín	
E 104		Kínólíngult	
E 110	Sólsetursgult FCF Appelsínugult S		
E 120	Kókíníl, karmínsýra, karmín		
E 122	Asorúbín, karmóísín		
E 123	Amarant		
E 124	Ponseá 4R, kókínílráutt A		
E 129	Allúraráutt AC		

Matvæli	Leyfileg litarefni	Hámarks magn
Vínlikjör og gæðavínlikjör, framleiddir á tilteknum landssvæðum	E 150a Karamellubrúnt E 150b Basískt, súlfítað karamellubrúnt E 150c Ammóníað karamellubrúnt E 150d Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt	<i>quantum satis</i>
Grænmeti í ediki, pækli eða olíu (þó ekki ólífur)	E 101 (i) Ríboflavín (ii) Ríboflavín-5'-fosfat E 140 Klórófyll, klórófyllín E 150a Karamellubrúnt E 150b Basískt, súlfítað karamellubrúnt E 150c Ammóníað karamellubrúnt E 150d Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt E 141 Klórófyll og klórófyllín-koparflókar E 160a Karótín: i) Blönduð karótín ii) Beta-karótín E 162 Rauðrófulitur, betanín E 163 Antósýanlausnir	<i>quantum satis</i>
Morgunkorn, sprautusoðin, blásin og/eða með ávaxtabragði	E 150c Ammóníað karamellubrúnt E 160a Karótín E 160b Annattólausnir, bixín, norbixín E 160c Paprikukjarni, kapsantín, kapsórúbín	<i>quantum satis</i> <i>quantum satis</i> 25 mg/kg <i>quantum satis</i>
Morgunkorn með ávaxtabragði	E 120 Kókiníl, karmínsýra, karmín E 162 Rauðrófulitur, betanín E 163 Antósýanlausnir	200 mg/kg (af hverju efni fyrir sig eða í samsetningum)
Aldinsulta, ávaxtahlaup og -mauk, sem um getur í tilskipun 79/693/EBE, og aðrar sambærilegar vörur úr aldinum, þ.m.t. vörur með fáum hitaeningum	E 100 Kúrkúmín E 140 Klórófyll og klórófyllín E 141 Klórófyll og klórófyllín-koparflókar E 150a Karamellubrúnt E 150b Basískt, súlfítað karamellubrúnt E 150c Ammóníað karamellubrúnt E 150d Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt E 160a Karótín: (i) Blönduð karótín (ii) Beta-karótín E 160c Paprikukjarni, kapsantín, kapsórúbín E 162 Rauðrófulitur, betanín E 163 Antósýanlausnir	<i>quantum satis</i>

Matvæli	Leyfileg litarefni	Hámarks magn
	E 104 Kínólíngult E 110 Sólsetursgult E 120 Kókíníll, karmínsýra, karmín E 124 Ponseá 4R, kókínílrault E 142 Grænt S E 160d Lýkópen E 161b Lútín	100 mg/kg (af hverju efni fyrir sig eða í samsetningum)
Pylsur og kæfa (<i>pâté</i> og <i>terrines</i>)	E 100 Kúrkúmín E 120 Kókíníll, karmínsýra, karmín E 150a Karamellubrúnt E 150b Basískt, súlfítað karamellubrúnt E 150c Ammóníað karamellubrúnt E 150d Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt E 160a Karótín E 160c Paprikukjarni, kapsantín, kapsórúbín E 162 Rauðrófulitur, betanín	20 mg/kg 100 mg/kg <i>quantum satis</i> <i>quantum satis</i> <i>quantum satis</i> <i>quantum satis</i> 20 mg/kg 10 mg/kg <i>quantum satis</i>
Hádegisverðarkjöt	E 129 Allúrarault	25 mg/kg
Morgunverðarpylsur með korninnihaldi að lágmarki 6% Hamborgarakjöt með grænmetis- og/eða korninnihaldi að lágmarki 4%	E 129 Allúrarault AC E 120 Kókíníll, karmínsýra, karmín E 150a Karamellubrúnt E 150b Basískt, súlfítað karamellubrúnt E 150c Ammóníað karamellubrúnt E 150d Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt	25 mg/kg 100 mg/kg <i>quantum satis</i> <i>quantum satis</i> <i>quantum satis</i> <i>quantum satis</i>
Svínapylsa <i>Salchichon</i>	E 120 Kókíníll, karmínsýra, karmín E 124 Ponseá 4R, kókínílrault A	200 mg/kg 250 mg/kg
<i>Sobrasada</i>	E 110 Sólsetursgult FCF E 124 Ponseá 4R, kókínílrault A	135 mg/kg 200 mg/kg
<i>Pasturmas</i> (sem hefur æta ytri húð)	E 100 Kúrkúmín E 101 (i) Ríboflavín (ii) Ríboflavín-5'-fosfat E 120 Kókíníll, karmínsýra, karmín	<i>quantum satis</i>
Þurrkuð kartöflukorn og flögur	E 100 Kúrkúmín	<i>quantum satis</i>
Unnar og maukkenndar garðertur (niðursoðnar í dósir)	E 102 Tartrasín E 133 Skærblátt E 142 Grænt S	100 mg/kg 20 mg/kg 10 mg/kg

IV. VIÐAUKI

LITAREFNI SEM EINGÖNGU ERU HEIMILUÐ TIL TILTEKINNA NOTA

Litarefni	Matvæli	Hámarks magn
E 123 Amaranth	Lystaukar og brenndir drykkir, þ.m.t. afurðir með minna en 15% alkóhól miðað við rúmmál	30 mg/l
	Fiskhrogn	30 mg/kg
E 127 Erýtrósín	Hanastélskirsuber og sykurlúður kirsuber	200 mg/kg
	<i>Bigarreaux</i> -kirsuber í sýrópi og hanastélum	150 mg/kg
E 128 Rautt 2G	Morgunverðarpýlsur með korninnihaldi að lágmarki 6% Hamborgarakjöt með grænmetis- og/eða korninnihaldi að lágmarki 4%	20mg/kg
E 154 Brúnt FK	Þurrkaður, saltaður fiskur (<i>Kippers</i>)	20 mg/kg
E 161g Kantaxantín	Strassborgarpýlsur (<i>Saucisses de Strasbourg</i>)	15 mg/kg
E 173 Ál	Ytri hjúpur sælgætis, notaður til að skreyta kökur og sætabrauð	<i>quantum satis</i>
E 174 Silfur	Ytri hjúpur sælgætis	<i>quantum satis</i>
	Skreytingar á súkkulaði	
	Líkjörar	
E 175 Gull	Ytri hjúpur sælgætis	<i>quantum satis</i>
	Skreytingar á súkkulaði	
	Líkjörar	
E 180 Litólrúbín BK	Neysluhæf ostskorpa	<i>quantum satis</i>
E 160b Annattó- lausnir, bixín, norbixín	Smjörliki, mínarín (fítuskert viðbit), aðrar ýrðar fítulausnir og fíta, að mestu laus við vatn	10 mg /kg
	Skreytingar og yfirborðsefni	20 mg/kg
	Fínt kaffibrauð	10 mg/kg
	Ís til neyslu	20 mg/kg
	Líkjörar, þ.m.t. styrktir drykkir með minna en 15% alkóhól miðað við rúmmál	10 mg/l
	Bragðsettur, bræddur ostur	15 mg/kg
	Þroskaður, appelsínugulur, gulur og hvítur (broken-white) ostur, óbragðsettur bræddur ostur	15 mg/kg

Lítarefni	Matvæli	Hámarks magn
	Eftirréttir	10 mg/kg
	„Nasl“: þurrkaðar, bragðmiklar snarlvörur, að meginhluta úr kartöflum, korni eða sterkju:	
	— Sprautusoðnar eða þandar, bragðmiklar snarlvörur	20 mg/kg
	— Aðrar bragðmiklar snarlvörur og bragðmiklar, húðaðar hnetur	10 mg/kg
	Reyktur fiskur	10mg/kg
	Neysluhæf ostskorpa og skæni	20 mg/kg
	Rauður <i>Leicester</i> -ostur	50 mg/kg
	<i>Mimolette</i> -ostur	35 mg/kg
	Morgunkorn, sprautusoðin, blásin og/eða með ávaxtabragði	25 mg/kg

V. VIÐAUKI

LITAREFNI LEYFÐ Í MATVÆLUM ÖÐRUM EN ÞEIM SEM UM GETUR Í II. OG III. VIÐAUKA

1. hluti

Eftirtalin litarefni eru leyfileg í matvælum, sem um getur í 2. hluta V. viðauka og í öllum öðrum matvælum, að frátöldum þeim sem skráð eru í II. og III. viðauka, án tilgreinds hámarks magns (*quantum satis*):

E 101	i) Ríboflavín ii) Ríboflavín-5'-fosfat
E 140	Klórófýll og Klórófýllín
E 141	Klórófýll og klórófýllín-koparflókar
E 150a	Karamellubrónt
E 150b	Basískt, súlfítað karamellubrónt
E 150c	Ammóníað karamellubrónt
E 150d	Ammóníað, súlfítað karamellubrónt
E 153	Viðarkolsvart
E 160a	Karótín
E 160c	Paprikukjarni, kapsantín, kapsórúbín
E 162	Rauðrófulitur, betanín
E 163	Antósýanlausnir
E 170	Kalsíumkarbónat
E 171	Títandíoxíð
E 172	Járnnoxíð og járnhýdroxíð

2. hluti

Eftirtalin litarefni eru leyfileg, hvert fyrir sig eða í samsetningum, í eftirtöldum matvælum allt að því hámarks magni sem tilgreint er í töflunni. Þegar um er að ræða óáfenga bragðsetta drykki, ís til neyslu, eftirrétti, fínt kaffibrauð og sælgæti er hins vegar heimilt að nota litarefni í því magni sem tilgreint er í viðeigandi töflu en ekki má nota meira af litarefnum E 110, E 122, E 124 og E 155 en sem nemur 50 mg/kg eða mg/l.

E 100	Kúrkúmín
E 102	Tartrasín
E 104	Kínólíngult
E 110	Sólsetursgult FCF Appelsínugult S
E 120	Kókiníl, karmínsýra, karmín
E 122	Asórúbín, karmóísín
E 124	Ponseá 4R, Kókinílrautt A
E 129	Allúrarautt AC
E 131	Patentblátt V
E 132	Indígótín, indígókarmin
E 133	Skærblátt FCF
E 142	Grænt S
E 151	Gljásvart BN, svart PN
E 155	Brúnt HT
E 160d	Lýkópen
E 160e	Beta-apó-8'-karótenal (C 30)
E 160f	Beta-apó-8'-karótensýruetýlester (C 30)
E 161b	Lútín

Matvæli	Hámarks magn
Óáfengir, bragðsettir drykkir	100 mg/l
Sykurhúðuð aldin og sykurhúðaðar matjurtir, <i>Mostarda di frutta</i>	200 mg/kg
Niðursoðin, rauð aldin	200 mg/kg
Sælgæti	300 mg/kg
Skreytingar og yfirborðsefni	500 mg/kg
Fínt kaffibrauð (t.d. <i>viennoiserie</i> , kex, kökur og þunnt kex)	200 mg/kg
Ís til neyslu	150 mg/kg
Bragðsettur, bræddur ostur	100 mg/kg
Eftirrétti, þ.m.t. bragðsettar mjólkurafurðir	150 mg/kg
Sósar, krydd (t.d. karríduft, tandúrí), súkrásir (pickles), bragðaukar (relishes), kryddm auk (chutney) og <i>piccalilli</i>	500 mg/kg

Matvæli	Hámarks magn
Sinnep	300 mg/kg
Deig úr fiski og krabbadýrum	100 mg/kg
Krabbadýr, tilbúin til neyslu	250 mg/kg
Laxlíki	500 mg/kg
<i>Surimi</i>	500 mg/kg
Fiskhrogn	300 mg/kg
Reyktur fiskur	100 mg/kg
„Nasl“: þurrkaðar, bragðmiklar snarlvörur, að meginhluta úr kartöflum, korni eða sterkju:	
— Sprautusoðnar eða þandar, bragðmiklar snarlvörur	200 mg/kg
— Aðrar bragðmiklar snarlvörur og bragðmiklar, húðaðar hnetur	100 mg/kg
Neysluhaf ostskorpa og skæni	<i>quantum satis</i>
Heilblöndur til að stýra þyngd sem eiga að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir	50 mg/kg
Heilblöndur og fæðubótarefni til að nota undir eftirliti læknis	50 mg/kg
Fljótandi fæðubótarefni	100 mg/l
Fæðubótarefni í föstu formi	300 mg/kg
Súpur	50 mg/kg
Kjöt- og fisklíki, að stofni til úr grænmetisprótínum	100 mg/kg
Eimaðar drykkjarvörur (þar með taldar vörur með minna en 15% alkóhól miðað við rúmmál), að þeim frátöldum sem um getur í II. eða III. viðauka	200 mg/l
Kryddvín, drykkir og hanastél blönduð með kryddvíni sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1601/91, að þeim frátöldum sem um getur í II. eða III. viðauka	200 mg/l
Ávaxtavín (ófreyðandi vín eða freyðivín) sítri (að frátöldu <i>cidre bouche</i>) og perusítri krydduð ávaxtavín, epla- og peruvín	200 mg/l